# RANGÁRÞING YTRA

## Aðalskipulag 2010-2022 - Breyting. Námur við Þingskálaveg



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.



Breytt Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur verið samþykkt samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann

Rangárþing ytra Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

Breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

## SKÝRINGAR

### Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Býli / eyðibýli
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Stofnanasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Ár og vötn
- Námur (E) og Haugsvæði (H)

### Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir
- Flugvöllur/flugbraut

### Veitur

- Háspennulínur 220kV og stærri
- Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv
- Stofnæð hitaveitu
- Fjarskiptamastur
- Ljósleiðari
- Stofnæð vatnsveitu

### Vernd

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- Hverfisvernd vegna náttúruminja
- Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla

### Mörk

- Mörk skipulagssvæðis og sveitarfélaga
- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

## GREINARGERÐ

### 1. INNGANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í landi Svínahaga (landnr. 164560) og Þingskála (landnr. 164567) á Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að setja inn námur til vegagerðar þar sem lagfæra þarf Þingskálaveg. Í gildandi Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði í landi Þingskála og í landi Svínhaga en þar minnkar frístundasvæði einnig lítillega.
Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.8 um efnistökusvæði. Áhrif á frístundasvæðið eru það lítil að ekki þarf að breyta kafla um frístundasvæði. Breyting er gerð á uppdrætti sveitarfélagins.

Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að stuðla skuli að hagkvæmustu lausnum í vegagerð til að bæta umferðar- og rekstraröryggi, ásamt því að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar.

### 2. EFNISTÖKUSVÆÐI

Gert er ráð fyrir að inn á uppdrátt sveitarfélagsins bætist þrjú efnistökusvæði E55, E56 og E57. Í kafla 4.8 í greinargerð verður settur inn eftirfarandi texti:
*E55; Malar- og sandnáma, unnið verður allt að 30.000 $m^3$. Náman er í landi Þingskála.*
E56; *Bergnáma, unnið verður allt að 30.000 $m^3$. Náman er í landi Svínhaga.*
E57; Malar- og sandnáma, unnið verður allt að 30.000 $m^3$. *Náman er í landi Svínhaga.*

### 3. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR

Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breyttrar landnotkunar:

**UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á**

| VALKOSTIR | Hagrænir og félagslegir þættir | Náttúrufar og landslag | Heilsa og öryggi | Verndarsæði og minjar |
|---|---|---|---|---|
| Breytt aðalskipulag | Bættar samgöngur bæta möguleika íbúa til atvinnusóknar og félagsþátttöku.<br>Bættar samgöngur efla svæðið til útiveru, þ.á.m. til frístundabyggðar.<br>Landbúnaðarland og frístundaland skerðist lítillega. | Námur hafa sjónræn áhrif - því stærri náma því meiri áhrif.<br>Nú þegar er námuvinnsla á svæðinu, landeigandi tekur efni til eigin nota. | Betri vegur bætir öryggi vegfarenda.<br>Bættar samgöngur styrkja öryggi íbúa. | Engar þekktar minjar eru á námusvæðinu. |
| Aðalskipulag 2010-2022 | Lega vegar er ekki góð m.a. með tilliti til snjósöfnunar. Núverandi ástand vegar hefur áhrif á búsetuskilyrði í uppsveitum. | Engin áhrif | Vegur lokast reglulega í slæmum vetrarveðrum. Hefur áhrif á öryggi íbúa. | Engar þekktar minjar eru á námusvæðinu. |

Jákvæð áhrif · Neikvæð áhrif · Óviss áhrif · Óveruleg áhrif

### 4. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Þar sem ástæða námuvinnslunnar er að bæta Þingskálaveg þá fellur framkvæmdin vel að markmiði sveitarstjórnar um að bæta samgöngur m.a. til að auka umferðar- og rekstraröryggi. Bættar samgöngur bæta einnig tengingu íbúa og frístundaaðila við þjónustu á Hellu, þ.á.m. við heilbrigðisþjónustu. Bættar samgöngur styrkja þannig svæðið sem sameiginlegt atvinnusvæði. Nú þegar er námuvinnsla á öllum þessum svæðum, þar sem landeigandi tekur efni til eigin nota og þessi breyting er gerð í samráði við landeigendur.
Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að um minni háttar breytingu aðalskipulags sé að ræða og verður hún auglýst í samræmi við 36 gr. skipulagslaga.


STEINSHOLT
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella. S. 487 7800
www.steinsholtsf.is
Hannað: GG, ÁJ
Teiknað: ÁJ, IS


RANGÁRÞING YTRA
Aðalskipulagsbreyting

| | | |
|---|---|---|
| Verk: 8614 SA104 | Dags: 09.08.2012 | |
| Mkv: 1:50.000 | Breytt: | |
| Blaðstærð: A2 | | |
| Samþykkt: | | |